

Alþingi
Erindi nr. P 131/1850
komudagur 9.5.2005

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum

ÞINGMÁL 702 • 9. MAÍ 2004

netfrelsi 

Félagið Netfrelsi
Grjótaseli 1
109 Reykjavík

Sími: 846 5662
netfrelsi@netfrelsi.is
<http://www.netfrelsi.is/>

Höfundur: Hreinn Beck
hreinn@netfrelsi.is

Efnisyfirlit

Um félagið Netfrelsi	4
Höfundaréttur	5
Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum	7

Um félagið Netfrelsi

Félagið Netfrelsi var stofnað þann 15. október 2004 og á skömmum tíma hafa félagsmenn orðið samtals um 1.100.

Markmið félagsins er að auka félagslega samkennd netverja og standa vörð um frjáls samskipti og viðskipti á Netinu. Gæta réttinda netverja til hins ýtrasta með öllum mögulegum leiðum og að sjá til þess að á Netinu megi vaxa vettvangur til frjálsrar umræðu um öll málefni og þar fái upplýsingar og hverskyns sköpun að dafna frjálst.

Í samþykktum félagsins kemur fram að félagið eigi að fylgjast með og hafa áhrif á löggjöf, reglugerðir og aðgerðir Íslenskra stjórnvalda og annarra aðila sem tengjast Netinu og notkun þess.

Félagið hefur aðstoðað ýmsa aðila sem og félagsmenn við margvísleg málefni tengd fjarskiptum og höfundarétti. Þá höfum við einnig notið góðs af sambandi við nema sem leitað hafa aðstoðar okkar og umsagna vegna ritgerða og verkefna sem þau hafa unnið að um netið sem og höfundarétt. Einnig eigum við gott samstarf við félög sem starfa að sambærilegum málaflokkum innanlands sem utan.

Það er skoðun okkar að Netið sé mikilvægur þáttur í daglegu amstri nú þegar og muni verða það enn fremur í framtíðinni. Töldum við því mikilvægt að þeir sem Netsins njóta og taka þátt í að byggja það upp ættu málssvara og stað þar sem þeir gætu leitað með mál sín. Er mat okkar að vanda verði sérstaklega til löggjafar er varðar Netið og ekki megi líta á það sem einhverskonar útúrdúr úr hefðbundnum fjarskiptum eða öðrum miðlum. Í framtíðinni mun sífellt meira af þeim fjarskiptum og miðlum sem við þekkjum í dag verða færðir á Netið, að því gefnu að það sé ekki ófært, vegna illa ígrundaðrar löggjafar.

Félagið er opið öllum og er rekið með frjálsum fjárframlögum félagsmanna. Í stjórn félagsins eru 10 félagsmenn sem koma úr margvíslegum áttum en eiga það sameiginlegt að bera frelsið fyrir brjósti. Einn starfsmaður er hjá félaginu.

Höfundaréttur

Hugsjónin bakvið höfundarétt var upphaflega sú að gæta þess að hvorki höfundur né almenningur gætu einokað allt hið góða sem sköpun nýrra verka gefur af sér. Ef höfundar fengu ekkert fyrir sinn snúð gæti hugsast að þeir hefðu engan vilja til að skapa. Ef dreifingaraðilar gætu ekki hagnast á því að dreifa verkum hefðu þeir engan áhuga á því. Almennt hefur þess verið gætt við lagasetningu til verndar hugverka að öll sköpun krefst einhvers grunns. Rithöfundar, tónskáld, arkitektar, myndlistamenn, tölvuforritarar og svo margir aðrir skapandi hugar nota við sköpun sína beint eða óbeint þekkingu, hugtök, hugmyndir og margt fleira sem þeir fá annarsstaðar en frá sjálfum sér. Ástæðan var sú að ef höfundar fengu algjöra stjórn á sínum verkum væri lítið orðið eftir fyrir höfunda framtíðarinnar að byggja á, í það minnsta löglega.

Það var því með tilliti til sanngirni, þeirrar nauðsynjar sem menntun og fróðleikur eru fyrir dafnandi þjóðfélag, að efla höfunda til sköpunar og virkja almenning til kaupa á þeim sköpunum sem höfundalög voru fyrst sett. Lögin skiptu réttindunum milli höfunda, útgefenda og almennings.

Með tilkomu höfundalaga var ákveðið að fara þá leið að setja á lög sem gáfu rétthöfum viss réttindi sem geta (þótt markaðslega sé) gefið þeim umtalsverðan fjárhagslegan ávinning án þess að stjórna því í einu og öllu hvernig verk þeirra eru nýtt. Grunnurinn er sá að við getum veitt rétthöfum viss réttindi og vissa stjórn og samt sem áður haldið ávinningi þjóðfélagsins, frjálsum aðgengi að fróðleik og menningu.

Í dag skiptast þessi réttindi milli allra í þeim eina tilgangi að efla menntun, vísindi og menningu. Sé því jafnvægi breytt gæti það haft gífurlegar afleiðingar.

AÐ GEFNU TILEFNI VILJUM VIÐ BENDA Á EFTIRFARANDI:

- Að mati Netfrelsis mun aukin skerðing á réttindum neytenda, s.s. vegna banns við sniðgöngu tæknilegra ráðstafana hafa letjandi áhrif á sölu og stemma stigu við frekari sköpun.
- Höfundaréttarnefnd er í dag skipuð sex fulltrúum rétthafa og einum fulltrúa Menntamálaráðuneytisins. Þessu verður að breyta.
- Í seinni tíð hefur jafnvægi milli höfunda og almennings með tilliti til höfundaréttar breyst mjög og hallar nú verulega á neytendur.
- Leggja þarf bann við sniðgöngu tæknilegra ráðstafana því þær eru í eðli sínu tæknilega ófullkomnar.
- Aukin notkun tæknilegra ráðstafana án réttra úrræða fyrir t.d. Landsbókasafn til að sniðganga þær eða fá skilað eintökum án tæknilegra ráðstafana gæti valdið því að menningararfur okkar verði læstur inni um ókomin ár eða til frambúðar.
- Bann við því að veita upplýsingar eða fræðslu um sniðgöngu afritunarvarna er gróft brot á tjáningarfrelsi
- Tæknilegar ráðstafanir munu aldrei stöðva þá sem vilja brjóta á réttindi höfunda, þær munu hinsvegar valda neytendum o.fl. umtalsverðum óþægindum og ama.

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum

Almennt

Strax í upphafi viljum við leggja áherslu á þá skoðun okkar að skynsamlegast sé að bíða með frekari breytingar á höfundalögum þar til hægt er að ráðast í heildarendurskoðun á höfundalögum í fullu samráði við fulltrúa neytenda og annarra aðila sem eiga hagsmuna að gæta.

Tilraunir hafa verið gerðar með tæknilegar ráðstafanir á Íslandi áður, þær hafa þó allar dugað skammt. Nái tæknilegar ráðstafanir auknum vinsældum vegna verndar í lögum, býst Netfrelsi við því að það muni hafa mjög letjandi áhrif á sölu vegna þess að með því er réttur neytenda skertur og jafnvel settar margskyns notkunarhömlur. Ætla má að með aukinni notkun tæknilegra ráðstafana og sölu afbreytingarefnis á stafrænu formi sé verið að breyta sölumarkaðnum í leigumarkað, en ólíklegt er að það leggist vel í neytendur.

Auk þess viljum við taka fram að með aukinni vernd grannréttinda og frekari úrræðum þeim til handa verði stemmt stigu við frekari sköpun. Í krafti stærðar sinnar og velgengnisformúlu má ætla að stærstu útgefendur og dreifingaraðilar afbreytingar á Íslandi haldi sig við það sem selur (eða leigist) mest og með því mun sköpun fara hnignandi.

2. gr. Skerðing á undanþágum neytenda

Ekki má telja ásættanlegt að frekari skerðing á réttindum neytenda sé samþykkt auk þess sem að enn er haldið fast í gjaldtöku á auðum miðlum og upptökubúnaði.

Brotfall undanþágu til eintakagerðar í atvinnuskyni mun að öllum líkindum auka útgjöld hins opinbera (líkt og sjá má í umsögn fjármálaráðuneytisins) sem og annarra fyrirtækja eða sjálfstætt starfandi aðila.

Hvorki er sjáanlegt að höfundar hafi beðið tjón af eintakagerð til notkunar við atvinnu eða hvort að bann við slíkri eintakagerð myndi skila þeim auknum tekjum. Minna verður á að með afritun eyðist ekki það sem af er tekið.

Ennfremur skal á það bent að ekki stendur til að fella niður höfundaréttargjöld á auðum miðlum sbr. 3. og 4. mgr. nágildandi laga en tekjur rétthafa af þeim eru rúmlega 90 milljónir á ári en það er álíka mikið, ef ekki meira, en Ríkisútvarpið-Sjónvarp greiðir til rétthafa fyrir flutning á verkum þeirra um landið allt og miðin. Gjaldið hefur verið tekið síðan 1. apríl 1985.

Vafasamt er að takmarka undanþágurnar líkt og lagt er til með 2. og 12. gr. frumvarpsins en halda gjaldtöku á auðum miðlum og upptökubúnaði áfram.

Netfrelsi leggur því til að felld sé burt 3. til 6. mgr. 11. gr. nágildandi laga. Sé ekki fallist á að fella burt 3. til 6. mgr. 11. gr. verður að telja æskilegt að fyrirtæki verði undanþegin gjaldinu, endurgreiðsla gjaldsins verði heimil á ný eða gjaldið lækkað umtalsvert. Óttumst við að sé þetta ekki gert við þetta tækifæri muni gjaldtakan seint leggjast af. Netfrelsi er þó tilbúið að láta reyna á lögmæti gjaldtökunnar fyrir dómstólum.

3.gr. Reglugerð sem aldrei varð

Mikilvægt er að bóka- og skjalasöfn hafi yfir að ráða álíka undanþágum og almennir neytendur til eintakagerðar af safnakosti sínum. Söfnin munu varðveita menningararf okkar og því er mikilvægt að þeim sé gert mögulegt að afrita verk sem eru í auknu mæli geymd á viðkvæmum miðlum sem munu endast skammt. Netfrelsi telur þó að æskilegt sé að heimila söfnum að lána út afrituð

eintök jafnt sem frumeintök, enda getur safnakostur skemmst eða frumeintök verið viðkvæm fyrir.

Heimild til setningar reglugerðar hefur verið í höfundalögum síðan þau voru fyrst sett árið 1972. Reglugerðin hefur enn ekki verið samin.

Að þessu sögðu gerir Netfrelsi kröfu um að gerð sé krafa um reglugerðina og leggjum við því til að þar sem fram kemur “má” í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins komi “skal.” Þá leggjum við einnig til að seinasta málsgrein 3. gr. falli niður og fremur sé kveðið á um takmarkanir í reglugerðinni þegar hún er samin.

5. gr. Tilvitnanir

Ekki er hreyft athugasemdum við fyrirhuguðum breytingum, en lagt er til að tekið sé mið af breyttri tækni og aðferðum við kennslu. Netfrelsi leggur því til að þar sem fram kemur “skólakennslu eða útvarpskennslu” í 1. mgr. núgildandi laga sé breytt í “kennslu.”

6. gr. Takmarkanir á innflutningi

Hér er lagt til að setja í lög umtalsverðar takmarkanir á innflutningi verka án heimildar höfundar til landa innan EES. Líkt og fram kemur í skýringu greinarinnar: “Áhrifin af innleiðingu reglu um svæðisbundna tæmingu dreifingarréttar innan EES verða þau m.a. að dreifing eintaka sem flutt hafa verið á innri markaðinn frá landi utan EES án samþykkis rétthafa verður óheimil frá og með gildistöku ákvæðisins. Þetta á t.d. við um eintök bóka sem settar hafa verið á markað í Bandaríkjunum Norður–Ameríku en er síðar dreift innan EES án samþykkis rétthafa. Dreifing slíkra eintaka er því aðeins heimil að rétthafinn hafi veitt samþykki sitt.” Netfrelsi leggur til að haldið verði í fyrri réttindatæmingu og leggur til að í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins falli burt “innan Evrópska efnahagssvæðisins.”

11. gr. Réttur ljósmyndara

Ekki er hægt að líta öðruvísi en svo á 11. gr. en að í henni felist að óska þurfi samþykkis ljósmyndara áður en mynd sem hann hefur tekið sé notuð t.d. við blaðagrein, brúðkaupstilkynningu eða álíka. Nú hefur það lengi verið svo að óska þarf eftir eftirgerð ljósmynda frá ljósmyndaranum sjálfum og ekki er við það bætandi að óska

þurfi eftir heimild ljósmyndarans þegar birta á myndir. Eðlilegt er að ljósmyndari sem tekur myndir samkvæmt beiðni og gegn þóknun afsali sér öllum rétti til ákvarðanatöku um hvort megi birta myndina enda er í þeim tilvikum sem hér um ræðir einungis um að ræða mann sem tekur að sér visst verk.

Eftir ábendingu frá félagi ljósmyndara viljum við taka það skýrt fram að við eigum hér einungis við verk sem unnin eru fyrir einstaklinga og til þeirrar sérstöku hagnýtingar umfram það sem eðlilegt er með slíkar myndir.

12. gr. Tæknilegar ráðstafanir

Netfrelsi er alfarið á móti fyrirhuguðum breytingum laga til að innleiða bann við sniðgöngu tæknilegra ráðstafana. Tæknilegar ráðstafanir eru í dag fyrst og fremst notaðar til markaðs og verðlagsstjórnunar sem og til að hamla eðlilegri notkun. Þótt tekið sé fram í athugasemdum að slíkar notkunarhömlur séu ekki varðar samkvæmt lögnum er það þó svo að oftast er þetta hluti af þeirri vörn sem hindrar afritun. Þannig má ætla að þótt slík sniðganga sé heimil sé hún nánast ómögulegt enda ekki hægt að nálgast búnað til að sniðganga varnirnar samkvæmt frumvarpinu. Niðurstaðan er sú að notkunarhömlur njóta samt óbeint verndar. Ennfremur er tekið fram í athugasemdum að þótt heimilt sé að sniðganga tæknilegar ráðstafanir til að geta notið verksins taki sú heimild ekki til afritunar yfir á stafrænt skráasnið líkt og MP3 til notkunar í þar til gerðum spilurum. Verður það að teljast óásættanlegt með tilliti til sífellt aukinnar notkunar þeirrar og þeirra gjalda sem lögð eru á þá með lögum í dag.

Í athugasemdum kemur einnig fram að einstaklingur sem upplýsir eða leiðbeinir um hvernig sniðgangi skuli tæknilegar ráðstafanir myndi að líkum teljast ábyrgur gagnvart lögum verði þeim breytt. Að mati Netfrelsis er það gróft brot á tjáningarfrelsinu. Mikilvægt er að ekki sé gengið á tjáningarfrelsið og því sé mönnum frjálst að ræða um vankosti tæknilegra ráðstafana, þ.m.t. hvernig brjóta megi þær upp.

Velta verður vöngum yfir því hvers vegna ekki nægir að banna sniðgönguna sjálfa, sérstaklega í ljósi þess að samkvæmt lögnum er margskyns sniðganga heimil. Því er nauðsynlegt að banna eign, viðskipti með, framleiðslu, innflutning, dreifingu eða kynningu á búnaði sem sniðgengur slíkar varnir ?

Til þess að mögulegt sé að sá fróðleik og menningu í næstu kynslóðir er mjög mikilvægt að sú sköpun sem á sér stað á hverri stundu sé á sniði sem er aðgengilegt þegar fram í sækir. Nægjanlega höfum við brennt okkur á úreltum geymslumátum til þessa (s.s. laserdiscs, 5,25" disklingar o.fl.) þótt ekki sé á það aukið nú með tæknilegum ráðstöfunum. Ekki má gleyma því að besta leiðin til að efla og uppörva sköpun er að hafa víðtækt aðgengi að fyrri verkum.

Sé talið nauðsynlegt að innleiða bannið með tilliti til aðildar Íslands að EES verður að kveða á um nægjanlegar undanþágur til að almenn og eðlileg notkun fái enn að vera við lýði. Þá væri einnig æskilegt að kveða á um augljósar merkingar á þeim verkum sem varin eru með afritunarvörnum, hvaða hömlur þær setja og hvaða tækniröfur þær gera.

Tillaga Netfrelsis er eftirfarandi, sé talið nauðsynlegt að innleiða bann við sniðgöngu:

Seinasta málsgrein b. liðar 12. gr. tekur fram að ákvæði 1.-4. mgr. séu ekki því til fyrirstöðu að gerðar séu rannsóknir á dulritun. Netfrelsi leggur því til að á undan "dulritun" komi "tæknilegum ráðstöfunum eða" enda verður að telja eðlilegt að rannsóknarfrelsi á tæknilegum ráðstöfunum nái fram að ganga, sama hvaða formi þær eru í, eigi að efla þær og bæta. Frelsi til rannsókna á tæknilegum ráðstöfunum er mjög mikilvægt enda getur slíkur búnaður í dag safnað saman gífurlegum persónuupplýsingum um neytendur. Tæknilegar ráðstafanir sem "hringja heim" til að aðgæta hvort leyfi sé enn í gildi eða viss notkun sé heimil láta uppi margskyns upplýsingar; hvenær verk er opnað og hvað er gert (spila, afrita, prenta, vitna í o.fl.). Flestar þessar upplýsingar er auðvelt að tengja við einstakan viðskiptavin og því er mikilvægt að þess sé krafist hverju er safnað saman og að óháðir aðilar geti kannað og staðfest að svo sé.

Margvíslegar tæknilegar ráðstafanir byggjast upp á því að það geti kannað hvort leyfi sé gilt hjá útgefenda eða söluaðila. Getur því farið svo að ef viðkomandi aðilar hafa hætt rekstri komi upp sú staða að ekki sé hægt að kanna gildi leyfisins og verkið því óaðgengilegt. Leggjum við því til að úrskurðarnefnd fái heimild til að ákvarða um eintakagerð til einkanota og í 1. mgr. c. liðar 12. gr. frumvarpsins bætist við "1. mgr. 11. gr." fyrir framan "12. gr."

Nauðsynlegt er að gera neytendum, sem lögin taka því miður nú þegar lítið tillit til augljóst við kaup á verki að það sé varið með

tæknilegum ráðstöfunum. Leggjum við því til að við frumvarpið bætist e. liður 12. gr. (50. gr., e.);

“Útgefanda verks sem styðst við tæknilegar ráðstafanir til að hamla notkun á einhvern hátt er skylt að merkja umbúðir á áberandi hátt með upplýsingum um að verkið sé varið með tæknilegum ráðstöfunum ásamt útskýringum á því hvaða hömlur eru settar og hvaða tæknilegu kröfur eru gerðar.”

Óneitanlega höfum við miklar áhyggjur af því að með aukinni notkun afritunarvarna muni valda því að menningararfur okkar til ókominna ára verði læstur. Teljum við því nauðsynlegt að kveðið sé á um að þau verk sem skylt er að skila til safna séu án varna. Þess skal getið að samkvæmt upplýsingum okkar frá Landsbókaverði hafði ekki verið óskað umsagnar hennar á frumvarpinu. Við frumvarpið mætti því bæta grein f. liður 12. gr. (50. gr. f.):

“Eitt eða fleiri eintök verka sem skylt er að skila til safna samkvæmt lögum um skylduskil til safna nr. 20/2002 skal vera án tæknilegra ráðstafana.”

13. gr. Refsing vegna sniðgöngu

Netfrelsi leggur til að 13. gr. verði ekki samþykkt með tilliti til mótmæla okkar við 12. gr.

16. gr. Gildistaka

Æskilegast væri að nokkur aðlögunartími verði veittur sé frumvarpið samþykkt óbreytt enda að nokkru leyti um miklar breytingar að ræða. Sanngjarnt væri að veita sex mánuði til aðlögunar.